

Alþingi
b.t. Efnahags og viðskiptanefndar

PricewaterhouseCoopers hf
Skógarhið 12
105 Reykjavík

www.pwc.com/is
Sími +354 550-5300
Myndsími +354 550-5301

26 apríl 2005

Efni: Athugasemdir við frumvarp um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Þskj. 1053 – 695. mál

Óskað er eftir að fá að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri um framangreint frumvarp.

Út af fyrir sig er ekki gerð sérstök athugasemd við þá breytingu sem lögð er til með frumvarpinu. Má segja að verið sé að leiða í lög reglu sem margir töldu að væri í gildi en reyndist ekki vera sbr. niðurstöðu yfirskattanefndar í úrskurði sínum nr. 325 frá 6. október 2004. Hins vegar verður að telja að flestir tvísköttunarsamningar Íslands byggi á þeirri forsendu að regla sem þessi sé í gildi samkvæmt íslenskum landsrétti.

Við teljum hins vegar að ákveðinnar óvissu kunni að gæta varðandi það hvaða skatthlutfall eigi við í tilviki þeirra félaga sem skattskyld kunna að verða hér á landi á grundvelli þessarar nýju reglu.

Ákvæðið er sett inn sem ný 1. mgr. 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna. Samkvæmt 2. mgr. 71. gr. laganna, sbr. lög nr. 143/2003, skal tekjuskattur þeirra lögaðila sem skattskyldir eru skv. 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. vera 26%. Við teljum að hætta sé á að ef ekki er kveðið skýrar á um skatthlutfall þeirra sem skattskyldir verða skv. hinu nýja ákvæði þá sé hætta á að þeir verði í öllum tilvikum taldir eiga að greiða 26% skatt, nokkuð sem við getum ekki séð að geti talist eðlileg regla.


Slík regla myndi t.d. þýða að erlend hlutafélög sem hér teldust vera heimilisföst í skattalegu tilliti ættu að greiða 26% skatt af hagnaði sínum og síðan þyrftu hluthafar í félaginu að sæta skattlagningu á arðsúthlutunum. Heildarskattbyrði félags og hluthafa yrði þannig mun hærrí heldur en í tilvikí íslenskra hlutafélaga.


Að okkar áliti mætti fram eðlilegri skattlagningu með því að bæta nýrri setningu aftan við 1. mgr. 71. gr. sem hljóðaði svo: “Sama á við um tekjuskatt þeirra lögaðila skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. sem skattskyldir eru skv. 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. þar sem þeir teljast eiga hér heimili en eru ekki skráðir hér á landi.”

Við teljum að ef ekkert verður að gert og frumvarpið samþykkt óbreytt þá séu verulegar líkur á að það geti leitt til mismununar varðandi skattlagningu innlendra og erlendra lögaðila sem okkur er mjög til efs að standist þær alþjóðlegu skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist, s.s. meginreglu EES samningsins um bann við reglum er hindra frjálst flæði fjármagns.

Virðingarfyllst,

PricewaterhouseCoopers hf.
Skatta- og lögfræðisvið


Friðgeir Sigurðsson


Elín Arnadóttir